

REGLUR

um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki.

1. gr.

Til eiginfjárþáttar A, sbr. 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er heimilt að telja:

1. Skuldabréf sem uppfyllir skilyrði 2. og 4. gr. þessara reglna (e. non-innovative hybrid capital)
2. Skuldabréf sem uppfyllir skilyrði 3. og 4. gr. þessara reglna (e. innovative hybrid capital).

2. gr.

Skuldabréf samkvæmt 1. tölulið 1. gr. skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Skuldabréfið tilgreini ekki gjalddaga.
2. Endurgreiðsla höfuðstóls skuldabréfs er einungis heimil samkvæmt ákvörðun útgefanda að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og í fyrsta lagi 10 árum frá útgáfudegi skuldabréfs. Samþykki Fjármálaeftirlitsins er háð því að eigið fé útgefanda eftir endurgreiðsluna sé viðunandi að mati eftirlitsins. Endurfjármögnun skuldabréfsins er heimil með sambærilegu skuldabréfi í fyrsta lagi eftir 5 ár frá útgáfudegi þess.
3. Vaxtagreiðslur eru einungis heimilar innan þeirra marka sem óráðstafað eigið fé leyfir enda séu lágmarks eiginfjárkröfur jafnframt uppfylltar eftir að tekið hefur verið tillit til vaxtagreiðslna. Komi ekki til vaxtagreiðslna á tilteknu ári eða árabili safnast þær ekki upp. Óheimilt er að breyta vöxtum frá því sem skilmálar skuldabréfsins kveða á um á útgáfudegi eða að setja í bréfið endurskoðunarákvæði vaxta (e. step-up) sbr. 3. tölulið 3. greinar.
4. Unnt sé að færa niður höfuðstól skuldabréfsins til að mæta rekstrartapi hjá útgefanda enda sé undanfari slíkrar niðurfærslu að eigið fé útgefanda hafi farið niður fyrir kröfur um lágmark eigin fjár eins og þær eru á hverjum tíma. Uppfylli útgefandi kröfur um lágmarks eigin fé á nýjan leik er heimilt að færa niðurfærslu höfuðstólsins til fyrra horfs að hluta eða öllu leyti.
5. Við gjaldþrot eða slit útgefanda séu kröfur samkvæmt skuldabréfinu, að meðtöldum þeim hluta sem samsvarar niðurfærslu sbr. 4. tl., greiddar á eftir öllum öðrum kröfum á útgefanda en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár.

3. gr.

Skuldabréf samkvæmt 2. tölulið 1. gr. skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Skuldabréfið tilgreini ekki gjalddaga.
2. Endurgreiðsla höfuðstóls skuldabréfs er einungis heimil samkvæmt ákvörðun útgefanda að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og í fyrsta lagi 10 árum frá útgáfudegi skuldabréfs. Samþykki Fjármálaeftirlitsins er háð því að eigið fé útgefanda eftir endurgreiðsluna sé viðunandi að mati eftirlitsins.
3. Vaxtagreiðslur eru einungis heimilar innan þeirra marka sem óráðstafað eigið fé leyfir, enda séu lágmarks eiginfjárkröfur jafnframt uppfylltar eftir að tekið hefur verið tillit til vaxtagreiðslna. Komi ekki til vaxtagreiðslna á tilteknu ári eða árabili safnast þær ekki upp. Heimilt er að endurskoða í eitt skipti þá vexti (e. step-up) sem kveðið er á um í skuldabréfinu, fyrst að 10 árum liðnum frá útgáfu bréfsins. Endurskoðunin má ekki leiða

til þess að fjármagnskostnaður útgefanda á síðara tímabilinu verði hærri en endurskoðaður vaxtagrunnur að viðbættu upphaflegu áhættuálagi en að frádregnum mismuninum á endurskoðaða vaxtagrunninum miðað við upphaflega útgáfu bréfsins annars vegar og upphaflega vaxtagrunninum hins vegar og að viðbættu 1% stigi eða 50% af upphaflega áhættuálaginu, sbr. ennfremur formúlu síðar í þessum tölulið. Með upphaflegu áhættuálagi er átt við áhættuálag, svonefnt útlánaálag, ofan á upphaflegan vaxtagrunn, t.d. vexti af ríkisskuldabréfum með svipaðri tímalengd og endurskoðunarákvæði vaxta miðast við. Vaxtagreiðslur samkvæmt þessum tölulið skulu miðast við niðurfærðan höfuðstól, sbr. 4. tl., sé um slíkt að ræða. Formúla fyrir endurskoðaða vexti er eftirfarandi: Endurskoðaðir vextir = $EVG + UÁÁ - (EVGU - UVG) + 1\%$ eða $+ (50\% * UÁÁ)$, þar sem EVG er endurskoðaður vaxtagrunnur; UÁÁ er upphaflegt áhættuálag; EVGU er endurskoðaður vaxtagrunnur miðað við upphaflega útgáfu bréfsins og UVG er upphaflegur vaxtagrunnur.

4. Unnt sé að færa niður höfuðstól skuldabréfsins til að mæta rekstrartapi hjá útgefanda enda sé undanfari slíkrar niðurfærslu að eigið fé útgefanda hafi farið niður fyrir kröfur um lágmark eigin fjár eins og þær eru á hverjum tíma. Uppfylli útgefandi kröfur um lágmarks eigin fé á nýjan leik er heimilt að færa niðurfærslu höfuðstólsins til fyrra horfs að hluta eða öllu leyti.
5. Við gjaldþrot eða slit útgefanda séu kröfur samkvæmt skuldabréfinu, að meðtöldum þeim hluta sem samsvarar niðurfærslu sbr. 4. tl., greiddar á eftir öllum öðrum kröfum á útgefanda en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár.

4. gr.

Útgefandi skuldabréfs samkvæmt reglum þessum skal hafa fengið andvirði þess til ráðstöfunar.

Skuldabréfið má ekki vera tryggt af útgefanda eða ábyrgt af aðilum tengdum útgefanda né veita kröfuhafa með neinum öðrum hætti forgang eða betri rétt gagnvart öðrum kröfuhöfum. Skuldabréfið skal bókfært undir liðnum víkjandi skuldir í reikningsskilum og vextir samkvæmt 3. tl. 2. gr. og 3. tl. 3. gr. skulu bókfærðir sem vaxtagjöld.

Samtala skuldabréfa samkvæmt 1. og 2. tölulið 1. gr. má að hámarki nema 33% af eiginfjárþætti A í eiginfjárútreikningi. Samtala skuldabréfa samkvæmt 2. tölulið 1. gr. má að hámarki nema 15% af eiginfjárþætti A í eiginfjárútreikningi. Framangreind hámark gilda bæði fyrir móðurfélag og samstæðu.

5. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 10. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi reglur nr. 540/2003, um viðbótar-eiginfjárlið fyrir fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitinu, 26. janúar 2005.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.